

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1907.

Brjef stjórnarráðsins til fyrrv. amtmanns J. Havsteen um að 82
stjórnarráðið hafi tekið á móti jarðeldasjóði fyrir Arnes- og 6. febr.
Rangárvallasýslu.

Með brjefi, dagsettu 6. f. m., er fylgdi viðskiftabók við Landsbankann nr. 5886 (Z 386), að upphæð 172 kr. 37 au., skýrið þjer frá því, hávelborni herra, að samskotanefnd þeirri, sem myndaðist hjer í bænum eftir jarðskjálfta þá, er urðu í Árnes- og Rangárvallasýslu árið 1896, hafi áskotnast fje nokkuð eftir að síðasta úthlutunin til þeirra, sem skaðann liðu, hafi átt sjer stað, og að hún hafi tekið þá ákvörðun, að af fje þessu yrði stofnaður sjerstakur jarðeldasjóður fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu, er falinn yrði forsja stjórnarráðsins.

Jafnframt því að tilkynna yður, að stjórnarráðið tekur sjód þenna til umsjónar og ráðstöfunar, viðurkennist það, að stjórnarráðið hefir veitt viðtöku nefndri viðskiftabók við Landsbankann, að upphæð 172 kr. 37 au.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um breyting 83
á mörkum Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps. 18. sept.

Með brjefi, dagsettu 22. júní þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hing- að erindi frá hreppsnefndunum í Hrunamannahreppi og Gnúpverjahreppi í sýslu yðar, þar sem þess er farið á leit, að jörðin Laxárdalur í Hrunamannahreppi verði lögð til Gnúpverjahrepps með nánara tilteknum skilyrðum, og jafnframt skýrt frá því, að sýslunefndin hafi mælt með því, að þetta verði leyft, enda sje Laxárdalur hin eina jörð í Hrunamannahreppi, sem liggi austan Stóru Laxár, og ávinnist því með hinni umræddu breytingu, að mörkin milli hreppanna verði eðlileg eftir landslagi, þar sem Stóra Laxá ráði þá mörkum milli hreppanna að endilöngu.

Út af þessu skal hjer með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvember 1905, 3. gr., skipað svo fyrir sem hjer segir:

Jörðin Laxárdalur í Hrunamannahreppi í Arnessýslu skal frá næstkomandi fardögum lögð til Gnúpverjahrepps í sömu sýslu, gegn því að sveitarsjóður þess hrepps greiði sveitarsjóði Hrunamannahrepps 25 kr. á ári í næstu 10 ár frá nýnefndum tíma.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og og birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um afnám prestsmötukvað- 84
ar á jörðunni Kalmanstungu. 19. nóvbr.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans Hátign konungin- um 11. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess